



Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla

Áherslur laganna

- **HÆFNI KENNARA**

Að kennarar hafi menntun og hæfni í samræmi við störf þeirra og ábyrgð og búi yfir þekkingu og færni til að takast á við framtíðaráskoranir sem blasa við næstu ár og áratugi.

- **SVEIGJANLEIKI**

Lögin skapa aukinn sveigjanleika fyrir kennara og tækifæri til að auka hæfni sína og færa sig á milli skólastiga.

- **STARFSÞRÓUN**

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda stuðlar að auknum gæðum skólastarfs og ýtir undir fleiri möguleika á frekari samfelli í námi á milli skólastiga.

- **STARFSÖRYGGI**

Kennarar sem áður störfuðu sem leiðbeinendur á öðru skólastigi en þeir höfðu sérhæfingu á, hljóta réttindi til að starfa á öðrum skólastigum. Störf þeirra verða því ekki auglýst árlega og þeir njóta launakjara sem kennarar.

- **FJÖLGUN KENNARA**

Með útvíkkuðum starfsréttindum er horft til þess að aðsókn í kennaranám aukist og að kennarar sem ekki starfa við kennslu, snúi til baka.

Helstu nýmæli

- Lögfestur er **hæfniramma um almenna og sérhæfða** hæfni kennara og skólastjórnenda, í takt við alþjóðlega þróun, sem lýsir betur þeirri hæfni sem kennarar þurfa að búa yfir til samræmis við þá ábyrgð sem felst í starfi þeirra.
- **Kennararáð** skipað 11 fulltrúum helstu hagsmunaaðila hefur tekið til starfa. Hlutverk ráðsins er meðal annars að leiðbeina um þau hæfniviðmið sem horfa ber til við skipulag kennaramenntunar og veita ráðgjöf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og notkun hæfniramma við útfærslu og framkvæmd hennar.
- Í stað þriggja leyfisbréfa kennara er nú gefið út **eitt leyfisbréf** þvert á skólastig.
- Áður útgefin leyfisbréf **gilda nú á öllum þremur skólastigunum** með sérhæfingu á því skólastigi sem fyrri kennsluréttindi þeirra tóku til.
- **Ein** undanþágunefnd í stað tveggja.
- Aukin **ábyrgð** skólastjórnenda við **mat á hæfni umsækjenda** um kennslustörf.